

# Tækniminjasafn Austurlands

## Fundargerð

Fimmtudagur, 25. mars 2021 kl. 18:00.

Fundað í gegnum fjarfundabúnað Teams.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Skúli Vignisson, Ingirafn Steinarsson, Jónína Brynjólfsdóttir og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð. Jóhann Grétar Einarsson kom inn á fundinn í lið 4.

### 1. Safneign

Forstöðumaður greinir frá þróun mála í björgun safngripa:

- Búið er færa u.þ.b. 90% gripa úr Bræðslunni í nýju geymsluna.
- Ennþá er hluti eftir á efri hæð Angró og Skemman er næstum tóm.
- Það vantar meira pláss í nýju geymslunni og verið er að vinna að tæmingu.
- Grisjun í Angró og Skemmunni gekk vel. Zuhaitz var með yfirumsjón en Freyja Hlíðkvist Ómars-Sesseljudóttir og Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafninu leiddu starfið og veittu ráðgjöf. Farið var að mestu eftir ráðleggingum en Zuhaitz telur að það þurfi að taka aðra umferð í grisjun. Bæði Pétur Kristjánsson og Jóhann Grétar Einarsson komu á staðinn og veittu upplýsingar um gripi sem var óvissa með.

### 2. Samstarf við Múlaþing

Forstöðumaður og Jónína Brynjólfsdóttir greindu frá samtali við Múlaþing:

- Þann xx.xx.xx var haldin fundur með Múlaþingi og farið yfir stöðuna. Rætt var um yfirstandandi vinnu, rústabjörgun, Vjélsmiðjuna, kaup á Skemmunni og beiðni um rekstrarstyrk. Niðurstaðan var að vinnuhópur taki að sér endurskoðun á safninu og rekstrarform þess, haldi stóra vinnustofu, sjái um úrvinnslu og leggi til drög að varanlegu rekstrarformi.
- Múlaþing þarf að skipa formlega í stjórn Tækniminjasafnsins. Ganga þarf frá því máli sem fyrst svo að stjórn sé löglega starfandi.

### 3. Vjélsmiðjan

- Nú er orðið ljóst að Vjélsmiðjan er meira skemmt en talið var og tjónið er meira en brunabótamat.
- Múlaþing hefur staðfest að ekki megi endurbyggja húsið.
- Vjélsmiðjan er friðuð, sem þýðir og Minjastofnun þarf að aflétta því. Til þess þarf þriðji aðili, Efla verkfræðistofa, að gera úttekt sem byggingarfulltrúi síðan staðfestir.

### 4. Fyrirspurn frá Jóhanni Grétari Einarssyni

- Jóhann Grétar kemur á fundinn og fær orðið.
- Jóhann biður um að fá að taka þátt í niðurtöku á símsstöðinni og veita upplýsingar um muni, aðferðir eða uppsetningu.

- Hann viðrar einnig þá hugmynd að símstöðin, húsið og sýningin, verði fundin staður nálægt Fjarðarselsvirkjun. Hann telur að jákvæð samlegðaráhrif myndist við að hafa símstöðina við hliðin á virkjuninni en sýningin sem er í virkunarhúsinu hefur ekki fengið að njóta sín sem skyldi. Með því að hafa báðar sýningarnar á sama stað verði til grunnur fyrir virku safnastarfi.
- Önnur hugmynd sem Jóhann reifar er að Tækniminjasafnið fari í samtali við Arngrím Jóhannsson, flugmann, sem hefur rekið safnið Á Norðurslóðum fyrir norðan. Arngrímur er áhugasamur um samstarf og á m.a. flugvélasafn.

#### **5. Söfnun á Karolina**

- Söfnun gekk afburðavel og náðist að safna 23.000 EUR, tæplega 3.500.000 kr.
- Aðstandendur Tækniminjasafnsins skila þakklæti til allra sem komu að málinu og gefenda.

#### **6. Vjélsmiðjan sem minningareitur**

- Forstöðumaður greinar frá hugmynd um að breyta Vjélsmiðjunni í minningareit um hamfarirnar sem áttu sér stað í desember 2020. Ekki er búið að útfæra hugmyndina til hlítar en mögulega væri hægt að taka af þakið og skilja eftir húsveggina, jafnvel traktorinn og Auðbjörgu líka.

#### **7. Fundargerðir síðustu funda**

- Fundargerðir síðustu funda samþykktar

#### **8. Næsti fundur**

- Næsti fundur er 14. apríl